

Heilsuvernd

Upplýsingar fyrir nemendur á Landspítala

Mikilvægt er að nemendur, jafnt sem starfsmenn, séu vel upplýstir um áhættuþætti í vinnuumhverfi á sjúkrahúsum. Landspítali gerir kröfur til nemenda og starfsmanna í samræmi við vinnuverndarlög, verklagsreglur um forvarnir og tilmæli sóttvarnarlæknis (dreifibréf 2/2011). Nauðsynlegt er að allir kynni sér eftirfarandi leiðbeiningar og uppfylli þau skilyrði sem gerð eru til að gæta öryggis sjúklinga, nemenda og starfsmanna á spítalanum.

Nemendur á Landspítala

Berklapróf

Öllum nemendum er skylt að fara í berklapróf eða skila vottorði um bólusetningu gegn berklum áður en þeir hefja verklegt nám á spítalanum. Berklapróf eru gerð á Landspítalanum. Þau eru auglýst af skrifstofum deilda á heilbrigðisvísindasviði HÍ, en nemar úr öðrum skólum (ef ekki er fyrirfram skipulagt) panti tíma á Eiríksgötu 5, 1. hæð, LSH Hringbraut, sími 543-1330, eða á göngudeild B3, 3. hæð, LSH Fossvogi, sími 543-7390.

Bólusetningar

Öllum nemendum er skylt að skila vottorði um að þeir hafi fengið eftirtalda sjúkdóma, eða hafi verið bólusettir gegn þeim: Barnaveiki (Diphtheria), stífkrampi (Tetanus), kíghósti (Pertussis), mænuþótt (Polio), mislingar (Morbilli), hettusótt (Parotitis epidemica) og rauðir hundar (Rubella). Nemandi fái [þetta vottorð](#) undirritað á heilsugæslustöð og greiði sjálfir fyrir það. Vottorðinu skal skilað til viðkomandi háskóladeildar/-brautar eða umsjónarmanns verknáms áður en verklegt nám hefst á Landspítala.

Lifrabólga B

Nemendum í heilbrigðisgreinum er skylt að láta bólusetja sig gegn lifrabólgu. Bólusett er þrisvar á 6 mánaða tímabili. Önnur sprautan er gefin mánuði eftir hina fyrstu og sú þriðja 5 mánuðum síðar. Bólusetningar fara fram á Landspítala. Þær eru auglýstar af skrifstofum deilda á heilbrigðisvísindasviði HÍ, en nemar frá öðrum skólum (ef ekki er fyrirfram skipulagt) panti tíma á Eiríksgötu 5, 1. hæð, LSH Hringbraut, sími 543-1330, eða á göngudeild B3, 3. hæð, LSH Fossvogi, sími 543-7390.

MÓSA-próf

Ef nemandi hefur verið útsettur fyrir, tekið þátt í hjálparstarfi, unnið á, dvalist eða fengið meðferð á erlendum sjúkrahúsum á sl. sex mánuðum fyrir klínískt nám, eða áður greinst með MÓSA, þarf að rækta fyrir MÓSA (Meticillín ónæmur Staphylococcus aureus). **Þessar reglur eiga við um alla viðveru á klínískri deild.** Strok er tekið á Eiríksgötu 5, 1. hæð, LSH Hringbraut, sími 543-1330, eða á göngudeild B3, 3. hæð, LSH Fossvogi, sími 543-7390. Svar liggur fyrir innan 2 sólarhringa. **Neikvætt svar úr ræktun þarf að liggja fyrir áður en klínískt nám á Landspítala hefst.**

Erlendir nemar

Nemendum sem koma erlendis frá (islenskum sem erlendum) er skylt að framvísa nýju svari úr berklaprófi eða staðfestingu á bólusetningu, bólusetningavottorði, staðfestingu á bólusetningu gegn lifrabólgu B og nýju svari úr MÓSA-prófi, sem tekið skal eftir síðustu dvöl á klínískri deild. Sjá nánar hér fyrir ofan. Vottorðunum skal skilað til hlutaðeigandi deildar við upphaf námsdvalar. Þeir nemendur sem ekki framvísa þessum vottorðum geta ekki stundað nám á spítalanum. Sjá upplýsingar á ensku á eftirfarandi síðu: <http://www.landspitali.is/?PageID=17536>

Íslenskir nemendur sem fara utan

Nemendur sem fara utan í verknám þurfa sjálfir að sækja sér bólusetningar og vottorð til heilsugæslustöðva.

Nánari upplýsingar

Nánari upplýsingar er að finna í [Gæðahandbók sýkingavarnadeildar](#) (veljið "Efnisyfirlit"), hjá mannauðssviði LSH, hjá menntadeild LSH, á heimasíðu heilbrigðisvísindasviðs Háskóla Íslands, á skrifstofum deilda og sviða háskólans og hjá verkefnastjóra klíníks náms í hjúkrunarfræði við Háskólann á Akureyri.

Landspítala, febrúar 2019

Menntadeild – mannauðssvið